



125. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 9. júní, 2005, kl. 17:30.

Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Boð á vinabæjarmót í Moss Noregi.
2. Erindi frá Hólmfríði B. Jónsdóttur.
3. Bréf frá félagsmálaráðuneyti.
4. Boðun á aðalfund Norðuróss ehf.
5. Fundargerðir SSNV.
6. Bréf frá EBÍ
7. Önnur mál.

Áður en gengið var til dagskrár var gengið til kosninga skv. samþykktum Blönduóssbæjar um stjórn og fundarsköp:

- *Tillaga kom upp um Ágúst Þór Bragason sem formann bæjarráðs. Samþykkt samhljóða.*
- *Tillaga kom upp um Jóhönnu G. Jónasdóttur sem varaformann bæjarráðs. Samþykkt með tveimur atkvæðum.*

Afgreiðslur:

1. Boð á vinabæjarmót í Moss Noregi.

Lagt fram til kynningar boð á vinabæjarmót vegna aldarafmælis Moss í Noregi dagana 11. - 14. ágúst 2005.

2. Erindi frá Hólmfríði B. Jónsdóttur.

Bréfitari vill kanna áhuga Blönduóssbæjar á því að starfræktur verði smíðavöllur á Blönduósi einn mánuð í sumar, 4 klst. í senn. Markhópur yrðu börn á aldrinum 7-12 ára.

Bæjarráð lítur verkefnið jákvæðum augum og felur bæjarstjóra að ganga frá málinu.

3. Bréf frá félagsmálaráðuneyti.

Í bréfi dags. 2. júní 2005 ítrekar ráðuneytið það að sveitarfélög setji sér reglur um afslátt eða niðurfellingu fasteignaskatts og birti þær með viðeigandi hætti.

Bæjarráð ítrekar mikilvægi reglna sem Blönduóssbær hefur sett sér varðandi niðurfellingu fasteignaskatts og auglýstar eru og endurskoðaðar á ári hverju.

4. Boðun á aðalfund Norðuróss ehf.

Fram lagt til kynningar aðalfundarboð Norðuróss ehf. Fundurinn verður haldinn á Blönduósi þann 14. júní nk. kl. 16.



5. Fundargerðir SSNV.

Fundargerðirnar eru frá 10. maí og 13. apríl sl. og eru lagðar fram til kynningar.

6. Bréf frá EBÍ

Ágóðahlutagreiðsla ársins 2005 er í heild 450 milljónir kr. og er hlutur sveitarfélagsins kr. 4.540.500.- Einnig lagt fram erindi um styrktarsjóð EBÍ 2005. Bæjarstjóra falið að undirbúa umsókn ásamt forstöðumanni Heimilisiðnaðarsafnsins.

7. Önnur mál.

- a. Mætt eru Valgarður Hilmarsson, formaður húsnæðisnefndar og Guðrún Blöndal, starfsmaður nefndarinnar. Fram kom að töluverðar breytingar eru að eiga sér stað í félagslega íbúðakerfinu og viðhaldsfé af skorum skammti. Lögðu þau fram drög að kostnaðaráætlun þar sem lagt er til að viðhaldsfé vegna félagslegra íbúða verði hækkað um 2,5 mkr. Erindinu er vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.*
- b. Almennur félagsfundur Veiðifélags Blöndu og Svartár verður haldinn í Dalsmynni 16. júní nk. kl. 20:30.*
- c. Erindi frá sóknarnefnd Blönduóskirkju - erindi frestað á síðasta fundi bæjarráðs. Óskað er eftir 150 þús. kr. framlagi vegna sumaropnunar kirkjunnar. Bæjarráð samþykkir 100 þúsund kr. framlag.*
- d. Atvinnumál. Rætt um sjávarútvegsmál á Blönduósi. Bæjarstjóra falið að kanna með stöðu veiða byggðakvóta sem úthlutað var í vetur og leggja upplýsingar fyrir bæjarráð á næsta fundi.*
- e. Eftirfarandi tillaga var lögð fram af Valdimari Guðmannssyni:
"Ég undirritaður legg til að flutningi á skrifstofu Blönduósbæjar verði frestað um 2 mánuði. Skrifstofuhúsnæðið á efstu hæð Hnjúkabyggðar 33 verði auglýst til sölu og þess freistað að ná þar inn nýrri atvinnustarfsemi, helst með um 10 stöðugildum. Þarna liggja sóknarfæri í atvinnumálum sem okkur ber skylda til að nýta um leið og við framfylgjum stefnu bæjarstjórnar Blönduósbæjar um sölu fasteigna og lækkun skulda, trúlega um 40-50 milljónir. Verði þessi tillaga að veruleika er það skoðun mín að skrifstofa Blönduósbæjar rúmist vel í húsnæði bæjarins að Þverbraut 1, þar sem um verulega vannýtt húsnæði er að ræða."*

Tillagan borin undir atkvæði og felld með tveimur atkvæðum gegn einu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19 :10 .

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)